

101

9. nóvbr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt þegar sjerstaklega stendur á, að veita undanþágu frá þessari samþykkt fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna þær í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eptirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 19. nóv. 1920.

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

102

9. nóvbr.

# Samþykkt

um

## lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3. og 4. grein.

Undanskildar eru þó sölubúðir, sem eingöngu versla með brauð og mjólk.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 31. mars skulu sölubúðir vera lokaðar, virka daga, frá kl. 6 síðdegis til 9 að morgni, frá 1. apríl til 31. maí frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, frá 1 júní til 30. sept. frá kl. 10 síðdegis til 8 árdegis nema á laugardagskvöldum frá kl. 11 síðd.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 1. desember.

## 4. gr.

102

9. nóvbr.

A lokunartíma sölubúða, samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol og salt til skipa.

## 5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

## 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20–500 kr. og renna sektirnar í bæjar-sjóð. Mál útaf brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut elga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. nóvember 1920.

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

Staðfesting kónungs á skipulagsskrá fyrir »Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu«, 103  
úttefni á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 6. des. 1920. 6. desbr.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

**Heimilisiðnaðarsjóð Skagafjarðarsýslu.**

## 1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 krónur, sem lagðar eru í Söfnunarsjóð Íslands 6. desember 1920 Stofnfjeð má aldrei skerða, og skulu allir vextir leggjast við innstæðu, uns þeir nema 100 krónum á ari. Frá þeim tíma leggist halfir vextir við hofuðstól, en helmiogur vaxta útborgist árlega til sýslunefudarinnar í Skagafjarðarsýslu.